

## REGLUR

**um þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins Dalabyggðar**

## 1. gr.

Sveitarstjórnarmenn sem og aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum sveitarfélagsins fá greidda þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn skv. þessum reglum.

Greitt er fyrir setu á formlegum fundum sveitarstjórnar og nefnda þar sem færð er fundargerð sem tekin er til afgreiðslu sveitarstjórnar.

## 2. gr.

*Grunnlaun.*

Greiðslur taka mið af launaflokki 122, þrep 4 (6%) í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu eins og hann er á hverjum tíma.

Almennur sveitarstjórnarmaður fær 20% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Fulltrúi í byggðarráði fær 30% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Oddviti fær 30% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Formaður byggðarráðs fær 35% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 6% fyrir hvern setinn fund.

Í þóknun fulltrúa byggðarráðs, oddvita og formanns byggðarráðs er innifalin þóknun almenns sveitarstjórnarmanns.

Nefndarmaður fær 6% fyrir hvern setinn fund.

Formaður nefndar þar sem ekki er starfsmaður til aðstoðar fær 10% fyrir hvern fund.

Sveitarstjórnar- og nefndarmenn sem sitja fundi og ráðstefnur utan sveitarfélags fá 10% fyrir hvern fund. Viðkomandi ber sjálfur ábyrgð á að koma upplýsingum um fundi og akstur til launafulltrúa.

## 3. gr.

*Ferða- og dvalarkostnaður.*

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá aksturskostnað greiddan þegar um er að ræða akstur á fundi sveitarstjórnar og nefnda eða akstur á fundi eða ráðstefnur utan sveitar. Greiðslur taka mið af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna eins og það er á hverjum tíma.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá dvalar- og uppihaldskostnað greiddan ef hann situr fundi og ráðstefnur utan sveitarfélags. Greiðslur taka mið af fram lögðum reikningum sem sveitarstjórnarmaður ber sjálfur ábyrgð á að koma til launafulltrúa. Þetta gildir ekki í þeim tilfellum þegar reikningar eru sendir til sveitarfélagsins af fundarhaldara/gististaði.

## 4. gr.

*Laun i orlofi, lífeyrisréttindi og tryggingar.*

Sveitarstjórnarmenn fá greidd mánaðarlaun skv. 2. gr meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

Dalabyggð heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð að launum sveitarstjórnarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Sveitarstjórnarmenn eru tryggðir gegn slysum í starfi með sama hætti og starfsmenn Dalabyggðar.

5. gr.

*Greiðslur.*

Sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn fá greitt mánaðalega. Fundarseta er greidd skv. fundargerðum sem sveitarstjórn hefur staðfest.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar skv. 25. gr. Samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar og eru í samræmi við fyrri samþykktir sveitarstjórnar um þóknun sveitarstjórnarmanna.

Reglurnar voru staðfestar á fundi sveitarstjórnar 20. febrúar 2018 og taka þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. um launaþrep tekur gildi frá og með næsta kjörtímabili sveitarstjórnar (2018-2022). Þar til gildir launaflokkur 122 með 0% álagi svo sem verið hefur.

Búðardal, 22. febrúar 2018



Sveitarstjóri